# Viljinn.

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn.

2. tbl.

1929.

Bæjaröð „Viljans“ er þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Djúpidalur | Kom 9. Febr. | Fór 11. febr. |
| Litlidalur | 11 | 12. |
| Minni-Akr. | 12. | 12. |
| Stóru-Akr. | 12 | 13 |
| Höskuldsst. | 13 | 13 |
| Miðhús. | 13. | 14. |
| Þorleifsst. | 14 | 16 |
| Grundarkot | 16 | 17 |
| Vaglar | ~~19 ... 2~~ | |
| Hrólfsst. | 18 | 21 |
| Miklibær. | 21. | 22. |
| Víkurkot | 22 | 24. |
| Víðivellir | | |
| Sólheimar | | |
| Sólheimag. | | |
| Úlfsstaðir | 7. Mars | Fór 9. |

Úlfsstaðakot. – skilist þaðan til bókavarðar. J.Þ.S.

# Viljinn.

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

| | | |
|---|---|---|
| | 10. Febrúar 1929. | 2. tbl. |

## Kveðja

## Hjálms Eirikssonar

(ort út af draum, nóttina fyrir jarðarför hans)

Það varðar ei margur veginn þinn
þú varst ekki ríkur Hjálmur minn
þú hlaust ekki frægð né vanst þér völd
þó veittist þér rólegt æfikvöld.

Þú fæddir þá alla sem fátækt er
og finnur ei gæfu veginn hér,
af elsku þér sendi engil sinn
þá að þrengdi sárast skórinn þinn

Og engill guðs hefur ratað rétt

og rakt það sem honum var fyrir-
sett
með kærleika þeim strengi stillt
til stuðnings, er börn hjarta mitt

En nú finst mér eins og andinn þinn
mér ofan að líti; Hjálmur minn
og biðji mig þeim að bera þökk.
sú bæn er í einu sterk og klökk

Þú segist biðja að heilsa heim
svo hjartanlega, frá öllum þeim,
sem brostu til þín af blíðum hug
og hönd þér réttu er brast þig dug

Til hjónanna kveðjan heitust er
sem heimili síðast veittu þér
og ber þig nú að brúðar þró
þars beinin þín skulu hvíla í ró



Þú segist átta frá sólarströnd
þeim Sigríði og Jóni að rétta hönd
og „litlu stúlkunnar ljúfu" – hár
að leika við eins og geisli smár

Þú segir þau kjósi ei hávært hól
sem hinsta þér veittu friðarskjól
þau finni það glögt með sjálfum
sér
hver sæla í góðvild fólgin er

Að hver sá er greiða gjöra kann
sem gleður og styður aumann mann
sér eigi það víst ef að ber raun
að englar guðs honum færi laun

---

Já englarnir ráða rétta leið
en ráfa ei villtir öfugt skeið
þeir víkja ei hót frá vegum hans

sem verkefnum skiftir – meistarans
Maria Rögnvaldsdóttir

Athugasemd höf:
Hjálmur Eiríksson átti síðast heima í Réttarholti. Þegar hann var orðinn ófær til vinnu, bað hann hjónin þar að lofa sér að vera, og gjörðu þau það. – – Hann dó í sjúkrahúsinu í Sauðárkróki, en Réttarholts-hjónin sáu honum fyrir því sem hann þurfti að vera sér í útvegum með – og einnig um útför hans. – Eftir að hann kom á sjúkrahúsið talaði hann jafnan um Réttarholt sem sitt heima og var glaður yfir. – M. R.

## Staka

Þegar smækkar brós á brá
og birðin stækkar konum,
sólin lækkar lofti á
lífsins fækkar vonum. – Ása-Þórr.



## Fótbrotið

(Smásaga eftir Sneglu-Halla)

„Hvað er nú það fágætasta sem fyrir yður hefir komið á embættisleið yðar, sem læknir“? spurði einn í hópnum gamla lækninn.

„Eg held nærri því“ sagði Brandur læknir eftir dálitla umhugsun og brosti við „að fágætasti kvillinn, sem ég hefi fengist við sé sá sem ég fyrst átti við, eftir að ég útskrifaðist.“

„Í öllum bænum segið þér okkur söguna“ tóku nú nokkrir af yngri lækn-unum sem í hópnum voru, fram í

„Jú með ánægju“ svaraði Brand-ur læknir „þó ég yrði að fara dult með það í þá daga, og enginn mætti mætti komast að því, hvernig stóð á,

Það eru nú svo mörg ár síðan og margt svo umbreytt, að ég sé ekki að það saki neitt, þó ég segi frá því hvernig það var. Það eru nú 30 ár síðan ég settist að í litlu þorpi þar sem annar læknir var fyrir áður. Kallaði hann sig prófessor og sórnlækni í nafnspjaldi sínu, en ég segi ykkur alveg satt að það hefði verið mikli nær að það hefði staðið „slátrari." Það var sannarlega ekki honum að þakka, þó að einn og annar slyppi úr þeirra helgjar greipum. Þegar við mættumst á götunni, gaf hann mér mjög illúðlegt hornauga og hann gjörði allt sem honum var mögulegt til þess að sverta mig í augum þorpsbúa.

Nú bar svo til eitt kvöld, að sent var eftir mér til manns, sem hafði ekrið sundur lífæðina á únliðnum á sér. Sent var eftir lækni hafði auðvitað farið fyrst



til Valsteins - svo hét hinn læknirinn - en hann ekki verið heima. Þegar ég svo kom til mannsins var allt orðið um seinan og ég sá að maðurinn var kominn í andlátið. Samt sem áður gaf ég honum inn styrkjandi meðal, og lyfti upp umvafið, sem þeir er við voru, höfðu bundið um til bráðabirgða. Meðan ég var að þessu kom Valstein læknir inn. Hann ýtti mér umsvifalaust til hliðar og spurði mig svo, að skuttur í spuna, hvað ég hefði athafst. Ég svaraði því kurteislega og sagðist hafa gefið sjúklingnum inn styrkjandi meðal.

„Styrkjandi meðal!" át hann eftir mér og hatursglott lék um varir hans. „Þér hafið víst gert það til þess að hann fengi hitasótt. Þér hafið blátt áfram drepið manninn."

Og á meðan hann var að ryðja þessu
úr sér skildi maðurinn við.
Ég vissi með sjálfum mér að aðferð mín
við sjúklinginn var í alla staði rétt og
ekki annað hægt við hann að gera.
En eins og ég sagði áðan, var ég frá
byrjun sannfærður um að ómögulegt
yrði að bjarga lífi hans, til þess hafði hon-
um blætt alltof mikið. En þér get-
ið nú nærri, að Valstein læknir þótt-
ist hér vel hafa veitt og fengið gott
sóknargagn í hendur gagnvart mér,
enda sparaði hann ekki, að breiða það
út í þorpinu að ég hefði drepið mann-
inn með klaufaskap mínum og heimsku.
Því er nú einu sinni þannig varið í
heiminum að menn eru fúsir og fljótir
á að trúa því, sem miður fagurt er sagt
um náungann, og ég varð fljótt þess
var, að þorpsbúarnir voru þar engin



undantekning frá þeirri reglu.
Enginn lagði nú trúnað á staðhæfingar
mínar, um þetta efni, og hinir fáu sjúk-
lingar sem höfðu vitjað mín, sneru nú
allir við mér bakinu og leituðu til Val-
steins læknis.
Vitaskuld var hann ekki lítið hreykinn
yfir málalokunum.
Ég var kominn á fremsta hlunn með
að hætta við allt saman, fara burt úr
þorpinu og skilja þorpsbúa eftir varnar-
lausa gegn skurðarhníf Valsteins lækn-
is. En þá kom atburður fyrir sem
breytti fyrirætlun minni.
Kveld eitt, mjög seint, var barið að
dyrum hjá mér; var þar kominn send-
boði til þess að sækja mig til manns
sem hafði brotið – eða öllu heldur marið –
í sundur á sér fótinn. Maðurinn
sem ég var sóttur til í þetta sinn

var nokkuð aldraður kaupmaður.
Hann var ógiftur og bjó með ráðskonu sem var honum mjög trú og dygg.
Hann hafði brugðið sér út um kveldið, en ~~..~~ hálka var á götunum.
Hafði hann fallið flatur, en verið seinn að koma fyrir sig fótum. Í því hafði hestur komið í fljúgandi ferð með fullhlaðinn vagn aftan í sér og lenti annar fóturinn undir hjólinu og marðist í sundur. Honum var nú ekið heim í skyndi og send boð eftir okkur læknum læknunum Valstein og mér. Við komum báðir í einu inn í herbergið, þar sem kaupmaðurinn lá. Án þess að færa sjúklinginn úr sokk eða skó þreif Valstein ómjúklega utanum fótinn og sagði:
„Það verður að taka fótinn af umsvifalaust“

(Framh. bls. 33.)



## Uppeldismál.

(Formáli C. W. Þýddur,)

Sá sem elskar landið sitt, óskar því hamingju og þrótti.
En hvar er uppsprettu hamingjunnar og þróttarins að finna?
Í miklum auðæfum, öflugum her, frjósamri jörð og mildu loftslagi?
Nei! uppsprettu alls auðugs og þróttmikils þjóðlífs finnum við hjá íbúum landsins. Það er hinn dýri þjóðarauður, sjálfsmeðvitund þjóðarinnar opinbert álit sem landið hafi leikar þjóðarinnar leiddir af frásögum drengilegra dáða, hafa hjálpað til að skapa.
Framar öllu öðru mundi ég óska landinu mínu, þróttmikillar

frjálsrar og lotningarfullrar æsku
sem síðan yxi upp í hjarta göfu-
og andlega þroskaðra þjóðfjelagsborg-
ara. Jeg geri það sem í mínu
valdi stendur til þess að láta
þessa hugsjón rætast; það kemur
að mjer þessi brennandi ákafi
sem grípur mig í hvert sinn
nú í meir en 20 ár sem mjer
hefir gefist tækifæri á að tala
við unga landa mína.
Jeg hefi verið svo heppinn að
eiga kost á að tala samtímis við
börn margra stjetta þjóðfjelagsins
sameinuð á einum skóla
Eftir því sem jeg hefi betur kynst
öllum hinum ljósu og dökku koll-
unum og stóru fróðleiksþyrstu
augunum, hefir eitthvert leynd-
ardómsfullt þróttmikið aðdráttarafl



náð fastari tökum á sálu minni.
Jeg hefi fundið til gleði sáð-
mannsins sem gleymir áhyggjum
augnabliksins meðan hann er
niðursokkinn í starfið fyrir fram-
tíðina.
En svo vænt sem mjer þykir um
börnin og svo oft sem jeg hefi talað
við þau, hefi jeg undantekningar-
lítið ekkert skrifað fyrir þau.
Oft hafa foreldrar og kennarar beðið
mig um að skrifa upp eitthvað af
þessum samtölum, sem aðeins lítill
hluti hefir fengið að heyra til þess að
fleiri gætu notið þess, en jeg hefi
aldrei tíma til þess að verða við þess-
um óskum þeirra, jeg sannfærist
líka alltaf betur og betur um það,
því lengur sem jeg lifi, að í stað
lifandi orðsins og hljóms þess

getur ekkert annað komið.
En síðastliðinn vetur ljetu nokkrir af nemendum mínum mig hafa talsvert af sjerstaklega nákvæmum uppskriftum eftir fyrirlestrum mínum, þá ákvað jeg að koma sjálfur einhverju af því á pappírinn.
Jeg skenki í þakklætisskini við þessa ungu samverkamenn mína, og er mér ljúft að færa þeim þær þakkir hjer, jafnhliða því sem jeg þakka af hjarta Frú G. Alphen Salvador sem varið hefir miklum tíma til að tína saman ótaljanl. margt úr ræðum mínum, og hjálpað mér með því til að rifja upp eitt og annað sem jeg hefi sagt við börnin.
Þessi litla bók verður þó mjög ófullkomin. Satt að segja er þetta aðeins



tilraun, sem halda má áfram, ef útlit er fyrir að það sje til einhvers gagns. Ef til vill geta þeir, sem sjerstaklega hafa það starf með höndum að leiða æskuna, fundið hjer einhverja nýja hugsun.
Jeg voga líka jafnvel að vona að þessi blöð geti haft einhver áhrif á ~~marga~~ unga lesendur, og vakið hjá þeim siðferðislega sjálfs~~rannsókn~~athugun, einmitt á þeim aldri þegar hver maður hlýtur að spyrja sjálfan sig hvaða starfi hann eigi helst að helga krafta sína, hjer í lífinu.
Á engu ríður meira en að börn og unglingar venjist á að hafa gát á gjörðum sínum, og þeim megi verða það ljóst þó aldrei væri nema einu sinni, og sama við hvaða tækifæri það væri, hversu

óendanlega þýðingarmikið að sjá
líf – í orðsins fyllsta skilningi – hvers
einasta manns.
París á allraheilagramessu 1898.

Carles Wagner.

## Berðu virðingu fyrir lífinu

(eftir C. W.)

Af öllu dásamlegu er lífið dá-
samlegast. Maðurinn getur ekki
einu sinni skilið það hvað þá
skapað það, en hann getur haft
bæði eyðileggjandi og styrkjandi
áhrif á það.
Mesta tjónið sem við getum gert
er að deyða líf og til þess þarf þó
ekki einu sinni afbrotamanns eðli,
ekkert sjerlega slæmt upplag,
oft ekki annað en það að hafa



aldri gát á gjörðum sínum.
Maðurinn hefir frá æsku
slæma tilhneigingu sem við get-
um kallað „eyðileggingarhvöt",
hún kemur í ljós í öllum ókurt-
eisum og ómildum orðum og
gjörðum. Það verður blátt áfram
ástríða hjá einstaka manni að
kremja og eyða, honum er nautn
í að skera ofan af blómum og brjóta
grein. Þið segið ~~kanske~~ kannske
að blómið finni ekki til, það get-
ur vel verið, en blómið er eitt
af dásemdarverkum drottins,
og hann hefir gefið því eitthvað af
sjálfum sjer; það er bæði hart-
neskjulegt og heimskulegt að
leika sjer að því að eyðileggja það,
og augljós vöntun á lotningu fyrir
skaparanum. Það er rangt að eyði-

leggja ávöxt starfsins.
Þetta sem í fljótu bragði virðist svo lítilfjörlegt, að slíta kæruleysislega sundur fagurt blóm, getur smækkað hjartað og forhert það að lokum.
Menn geta sig aldrei lengi ánægða með að rífa upp blóm sem verður á vegi þeirra en fer að langa til að kvelja verur sem geta veinað af sársauka. Hafi maðurinn vanið sig á að taka eggjaunga, stíga ofaná orma, kvelja hunda og berja hesta endar það með því að honum verður nautn í að særa meðbræður sína.
Við megum hafa gát á morðingjan~~um~~ sem sefur í okkur.
Segjum ekki að það geri ekkert til meðan þetta komi aðeins niður á jurtum og dýrum, skoðum það heldur sem undirbúningsskóla, þar sem



morðinginn æfir sig í vopnaburði fyrir framtíðarstarfið.
Þið haldið ~~kauske~~ kannske, börnin mín góð, að það sjeu öfgar hjá mjer að tala um morðingja, sem sofi í okkur öllum. Þið finnið ekki hjá ykkur nokkra minstu afbrotamannshvöt og því sje ástæðulaust að segja við ykkur „Þú skalt ekki morð fremja.“ Og þó er ekki ástæðulaust að taka það fram, því að myrða er ekki einungis það að úthella blóði. Að hafa skaðleg áhrif á líf annara manna getur stundum verið litlu betra en að ræna þá því alveg. Þarna þurfum við öll að vera á verði.
Heilsa og hamingja annara manna er að nokkru leiti í okkar hendi.
Við getum haft slæm áhrif á heilsu annara manna með illu eftirdæmi og

með því að draga þá inn í vondan félagsskap, en líka með því að fara illa með þá og sýna þeim óréttlæti.
Við vitum að bæði í skólum og á heimilum eru til börn og aðrir smælingjar sem kent er um alt sem aflaga fer, ásakaðir fyrir alt og allir stríða.
Oft kippa börnin líka grundvellinum undan heilsu og hamingju foreldra sinna og kennara með því að vera þeim óhlýðin, reita þau til reiði eða baka þeim áhyggjur á einn eður annan hátt.
Þeir eru fáir sem myrtir eru í orðsins venjulega skilningi, samanborið við hina sem orðnir eru svo útslitnir og uppbortir, oft af annara völdum, að þeir óska sér dauða fremur en að lifa áfram slíku lífi.
Það er af virðingarskorti fyrir lífinu



að við vökum ekki yfir því með trúmensku og samviskusemi. Ökumanninum sem sefur í ekilssætinu, kaupmanninum sem selur skemda eða skaðlega vöru, ritstjóranum sem breiðir út ósannar sögur eða skrifar æsandi greinar sem vekja innbyrðishatur hjá þjóðinni, vantar alla virðingu fyrir lífinu.
Sökum leti og ofdrykkju vanrækir margur maðurinn skyldu sína og bakar með því vandamönnum sínum tjón.
Lífinu er alstaðar hætta búin, sjaldnast stafar hún af þeim sem við alment köllum morðingja, miklu oftar af hinum sem ekki eru nefndir því nafni en sem verða þó eyðileggjandi afl sökum illgirni, kæruleysis eða fáfræði.
Það er næstum hægt að fullyrða að öll ill stikt rt og gjörðir miði í einn

eður annan hátt til að eyða manns-
lífinu. Það er fjarstæða að allar sorg-
ir og þjáningar í lífinu sjeu forlög sem
aldrei verði hjá komist; oftast eru þetta
afleiðingar okkar eigin syndar.
Við að venja sig á áfengi bakar maðurinn
sjer t. d. ótal óþægindi, veiklun, sjúk-
dóma og allskonar truflun á starfi lík-
ama og sálar.

—"—"—"—"—"—

Nú skal staðar numið. Þegar okkur er
orðið það ljóst hvernig við getum með
margvíslegum móti bakað lífinu tjón,
skulum við athuga á hvern hátt við get-
um verndað það og orðið því til bless-
unar. Til þess að vega á móti „eyði-
leggingarhvötinni" eigum við öll jafn-
hliða henni góða tilfinningu, sem vek-
ur einatt hjá okkur gleði af því að sjá
nýtt líf og framför þess, og löngun til



að verja það fyrir óvinum þess. Þessari
tilfinningu eigum við það að þakka að
lífið verður okkur einhvers virði. Við
veitum því með athygli eftirtekt þegar
frjóanginn gægist út úr fræinu, stráið
lyftir sig upp úr moldinni og baðar
sig í fyrsta skifti í sólskininu eða ung-
inn skríður ófiðraður og ósjálfbjarga
úr egginu. Þessi aðdáun fyllir oft
alla sálu barnsins sem „opnar unga
sálina sína móti lífinu, eins og munn-
inn móti kossi" segir Victor Hugo.
Auðvitað nær þessi þróttmikla lífs-
tilfinning hámarki sínu þegar við sjáum
lífið í hættu statt. Þá tilfinningu köll-
um við meðaumkun, hana vekja ekki
einungis jafningjar okkar sem eru í
nauðum staddir, en einnig vesalings
særða dýrið eða plantan sem stormurinn
braut. Höfum við ekki öll einhvern-

tíma reynt til að rjetta við aftur brot-
inn blómlegg eða gróðursetja í ný upp-
rifna plöntu? og höfum við aldrei
fundið til gleði hafi blómið rjett við aft-
ur eða plantan fest rætur. Sterkari
verður þó þessi tilfinning ef sú verða
í hlut sem með hljóðum sínum og
hreifingum getur látið í ljósi sársauka
sinn og sálarangist.
Hversu átakanlega mynd hrakslu og
hörmunga sjáum við ekki í kettlings-
auga sem fleygt er í vatn eða væng-
skotnum brotnum fugli sem fellur
til jarðar við fætur okkar?
Hver af okkur hrærist ekki til með-
aumkunar við þá sjón. Er okkur
ekki nautn í því að taka dýrið upp,
koma því á óhultan stað og hjúkra sár
þess? Við finnum ekki til neinna
erfiðleika við þetta starf, aðeins að við



getum hjálpað! Þegar við gerum
þetta börnin mín, fer það göfugasta
í sálunni okkar að njóta sín.
Samúð okkar verður að því skapi
öflugri sem hinn þjáði er líkari
okkur og þrautir hans því sem við
þekkjum eða höfum reynt.
En eigi meðaumkun okkar ekki að
vera gagnslaus heldur megnug þess að
veita huggun í sorg og hjálp í neyð,
verðum við að leggja okkur alla fram
við að gera okkur þessar tilfinningar, sem ljósast-
ar og beina þeim síðan að skynsam-
legu starfi. Allir finna til meðaumk-
unar, en geta þó ekki allir ætíð að liði,
hjálpað eða hjúkrað þegar á þarf að
halda. Hæfileikar mannsins þurfa að
æfast og þroskast til að geta birst í
verki. Við samúð okkar verðum við að
bæta skynsamlegri athugun og síðan hag-

kvarnir hjálp. Það liggur í augum uppi að þar sem maðurinn er hjer á jörðu umkringdur sveng vesalingum hættum og slysum verður hann að reyna að finna — ráð til að draga úr hættunum — og bót við meinunum. Það er alls ekki óþarfi að menn læri t. d. sjúkra hjúkrun heldur þvert á móti nauðsynlegt. Venjum okkur við það frá æsku að hjálpa sjúkum og veikburða. Sönnum blindingjanum augu okkar og lama manninum fætur okkar, ljettum byrðinni af herðum gamalmennisins sem dregst áfram með veikum burðum. Enginn maður kemst leiðar sinnar án þess að verða var við þjáningar meðbræðranna.

Ef menn ímynda sjer að hörmungar vitneskjan um hörmungar mann



lífsins skyggi á og trufli gleði æskunnar, þá eru þeir að villast. Tilfinningarlausar, sjálfelskar manneskjur, sem loka hjörtum sínum fyrir þjáningum náungans, þekkja ekki gleðina í hennar dýpstu og hreinustu mynd. Nei, meskar gleðin sem manninum getur hlotnast á rót ~~af~~ sína í hans eigin ~~(brjóst-sjón)~~ fórn fyrir þjáðan bróður.
Það er mikið happ að geta til að draga úr þrautunum þó við eigum ekkert til að gefa annað en glaðlegt bros og hughreystandi orð. Gleymum ekki að leggja það fram sem við getum og finnum svo hve hamingjusöm við verðum.
En sje það nauðsynlegt að menn læri í æsku að hjúkra sjúkum og hjálpa nauðstöddum þá ríður ekki

síður á að þeir lemji sjer það sem jeg vil kalla „hámark gæðanna" sem er að hugga og hughreysta í andlegum þjáningum, við það losnar enginn alveg. Allir verða að tæma einhvern sorgarbikar, og sumir bera aflangt sár í sálunni eins og nokkrir á líkamanum. Ef slíkir menn verða á vegi okkar þá munum eftir hinu einfalda ráði gamla spekingsins:
„Vertu góður barnið mitt"
Reynum að láta viðmót okkar hafa glaðjandi og hughreystandi áhrif á hryggan huga. Ekkert veganesti er betra á lífsleiðinni en samúðartilfinning sem þar er um að hughreysta sundurkraminhjörtu. Söfnum okkur þeim fjársjóði og miðlum öðrum af honum.
Leitumst við að vera ekki þrælasálir



umvafðar þoku eigingirninnar heldur sólskinshjörtu sem aðrir geta vermt sig við.

Þýtt af, Lilju Sigurðardóttir

(Jeg bið menn að afsaka að rithættur á þessari grein mun vera talsvert brjálaður vegna þannig að ritað er „ég" fyrir „jeg" sem þýðandinn hefir ætíð. J. T. S.)

— " — " — " — " —

„Liljunni" bætir um viðbót við þessa vísuhelmingu:

1. Vonin hreina vaggar mér
við hana eina getur.

— " — " — " —

2. Lífs í róli líktu þér
löngum sólarmegin

— " — " — " — " —

3. Tilfi dafna vina kind
vindum hafna glaumi

— " — " — " — " —

4. Sólin lítur fjöllum frá
fjólan lítur hennar.
―"―"―"―"―"―

## Staka.

Titrar snjöllu skeifnaköllin
skjálfa fjöll og hamra kór.
Hniga á völlinn frostaföllin
Jökum öllum betri er fór.
―"―"―"―"―

## Dýrt kveðin vísa

(Eftir séra Hallgrím Pétursson)

Máttur réttur snjalla snill
snara farn kyrmi;
háttur sléttur varla vill
vara tern minni.

Vísu þessa má kveða á 96 vegu, og kalla bragfræðingar hana: „Sléttubönd, frumeidd og táeidd, aldýr, valinsfeld."



(Framh. frá bls. 12.)

Fór hann síðan að taka til hnífanna í mesta flýti. En allt í einu tók kaupmaðurinn til máls og sagði: „Eg hef ekki sent eftir yður Valstein læknir. Eg veit að Brandur læknir skundi mig og enginn annar."
Allir sem viðstaddir voru rak í rogastans, og Valstein læknir roðnaði út undir eyru. „Þér vitið ekki hvað þér segið" kreysti hann út úr sér, tók að saman hnífunum og rauk á dyr. Jók vonduv.

„Eg veit ekki að aðrir en þér og ráðskonan séu viðstaddir á meðan á þessu stendur" sagði nú kaupmaður við mig „Ef þér þurfið á meiri hjálp að halda, en þeirri, sem hún getur veitt yður, þá getum við kallað á hitt fólkið"
Allir fóru ~~nú~~ nú úr herberginu nema ég og ráðskonan.

„Þér ætlið þó ekki að telja okkur trú um" sagði einn af læknunum, sem Brandur var að segja söguna að þér hafið hjálparlaust tekið fótinn þarna af manninum"

„Nei, nei, Ég er nú ekki farinn til þess enn" sagði Brandur læknir„ það að auki var nú ráðskonan þarna við hendina og hún aftók með öllu að ég fengi að taka fótinn af, og ég varð að láta það eftir henni"

Morguninn eftir mætti ég Valsteini lækni. „Hvernig líður sjúklingnum yðar spurði hann hæðslega og glotti við.

„Ágætlega vel" svaraði ég„ ég tók ekki fótinn af honum". „Þó ættuð þér sem allra fyrst að sjá um að láta Smiða utan um hann" sagði Valsteinn

„Má-ske" svaraði ég„ Að minsta kosti var séð um að þér yrðuð <u>honum</u> ekki að



bana. Næstu viku fékk enginn að koma inn í sjúkraherbergið nema ég og ráðskonan. Þegar vikan var liðin leyfði ég nánustu vinum kaupmannsins að heimsækja hann. Og eftir 6 vikur var hann orðinn alheill og gekk út og inn, eins og ekkert hefði í skorist.

Nú var nafn mitt á allra vörum og þótti það ekki lítið um, að Valsteinn var búinn að tala mikið um hvað á-verki kaupmannsins var hættulegur, og hvað heimskulegt það væri að láta annan eins klaufa og mig annast hann. Sagði hann afdráttarlaust að ég mundi murka úr honum lífið.

Annir mínar uxu nú dag frá degi. Enginn vitjaði Valsteins framar og hann varð að hætta og hafa sig burtu úr þorpinu.

„En var þá fóturinn á kaupmannin-

um bætimó" spurði einn af áheyrendunum.

„Jú mölbætimó" svaraði Brandur gamli. Þeir litu undrunarfullir hver til annars og sögðu „þetta var þó alveg dæmalaust". Það var í sjálfu sér ekkert undarlegt svaraði nú gamli læknirinn og brosti í kampinn „Mér láðist aðeins að geta þess við ykkur, að fóturinn kaupmannsins sem bætaður var — úr tré, og ég útvegaði honum aftur fót úr sama efni, sem aðeins fór dálítið betur.

Kaupmaðurinn var dálítið hégómlegur í sér og því hafði hann ekki sagt neinum frá því að hann gengi við tréfót. Þessu var það að þakka, — og eins hinu að kaupmaðurinn hafði fyrirfram horn í síðu Valsteins læknis að ég fékk á mig þetta makalausa orð fyrir handlækningar hjá þorpsbúum mínum.



# Hjálpaðu þér sjálfur

---

Frá því að Ísland byggðist hafa þúfurnar verið einn af skæðustu óvinum íslenskra bænda. —

Í margar aldir hefir verið unnið að þúfnadrápi á margvíslegan hátt, og með mörgu móti; eftir því sem menningin hefir vaxið og þekking manna aukist.

Forn-Egiptar eru taldir að vera brautryðjendur jarðræktarinnar; þeir fundu fyrstir aðferðina til þess, að breyta óræktuðu landi í grösugar grundir og græna akra, aðferðin hefir að vísu breyst mikið frá því fyrsta og tekið margvíslegum framförum, svo að nú má breyta mýrum, móum, holtum, melum og söndum í grös-

ug tún, og það á tiltölulega stuttum tíma ef rétt er á haldið; en til þess þarf þekkingu og starf.

Seint á 19. öldinni kom Torfi heitinn í Ólafsdal til sögunnar hér á landi, hann kendi mönnum nýja aðferð við þúfnasléttun, sem síðar var tekin upp í búnaðarskólum og fluttist þaðan inn á flest býli í landinu. Það var furðanlega mikið sléttað með þessari aðferð, og þó var hún seinvirk, erfið og kostnaðarsöm.

Síðar komu plógarnir og herfin til sögunnar og þá gátu bændur fyrst farið að nota hestaflið til hjálpar við ræktunina. Þetta var stærsta sporið sem stigið hefir verið í framfaraáttina fyrir íslenska jarðrækt. — Ég er ekki viss um að þeir séu margir sem gera sér fulla grein fyrir því hversu þýðingarmikið og göfugt starf jarðræktin er íslenskum bændum og búa-



lið. Þýðingarmikið starf að því leyti að það er stórt peningaspursmál hverjum bónda og sem gefur margfaldan arð.

Göfugt starf að því leyti að með því er móður jörð sýndur réttmætur sómi, og með því best búið í haginn fyrir eftirkomendurna. Sérhverjum bónda ber því að leggja hönd á plóginn.

Það er illt til þess að vita, hve ósýnt bændum hefir verið um að vinna að ræktun á jörðum sínum, þó vitanlega megi finna fögur dæmi upp á hið gagnstæða.

Það gerist nú all títt að plægingamenn fari um sveitir bæ frá bæ, og plægi svo og svo ~~langan~~ tíma, sem fer eftir því hvað getan er mikil að borga þessum mönnum, sem raunar ganga nú stundum með hálfgerðum tröppugangi.
En það er nú ekki það versta þó bændur kaupi plæginguna, því ég veit

veb að illa gengur að plægja með óvön-
um hestum ekki síst fyrir viðvaninga;
slíkt verður jafnan handaskömm og verk-
lepa í fyrsta sinn, en einu sinni er
alt fyrst og „gengur betur næst" sagði
karlinn.
Að plægja eina dagsláttu mun nú
kosta ca. 20 kr. að herfa hana 40 kr. og að
jafna hana 20 kr. alls: 80 kr.; gert ráð
fyrir að vel sé frá gengið. Út á þessa einu
dagsláttu fá bændur 79 kr. og nokkra aura
í búnaðarstyrk, beina greiðslu má svo heita
engin. En væri nú svo að bændur
keyptu plæginguna sem er alls ekki
þörf sé um samilega verklaginn mann
að ræða, mundi það kosta hann alt að
20 kr.; sjálfur ynni hann að herfingu
og jöfnun mundi það taka hann 5 daga.
Með þessu gæti hann reiknað sér 12 kr.
dagkaup — með tilliti til styrksins — og



þar á ofan borgað plæginguna með honum
líka. — Þarna getur bóndinn veitt sjálfum
sér atvinnu á sínu heimili; með sér-
staklega góðu kaupi og margfaldri upp-
skeru
Eg hefi oft horft á það er eg hefi unnið
að plægingum hjá mönnum að mörgum
bændunum verður lítið úr verki sem hefði
þó getað unnið sjálfur að jarðabótum;
sjálfum sér fyrst og fremst til gagns, og
jörðunni til eftirbreytni. [ánægju above "gagns, og"; 3 above "jörðunni"]
Það virtist svo sem að fordrakt mæ
bændum og hestum sé að „ganga úr móð"
af því að það sé ekki nægilega mikil pen-
inga útlát fyrir bóndann! Þó hann geti
með því veitt sjálfum sér gott kaup á
þennan hátt þá er sjálfsagt að sleppa drag-
inum og því amstri sem hestavinnunni
fylgir og fá sér „tractor" vélina það kostar
ekki nema 65 kr. á dagsláttuna, án til-

lits til þess hvernig verkið er unnið.

Bóndinn getur setið á baki og horft á mýrina eða móinn verða að sléttu túni, án þess að hreyfa hönd eða fót. Já þvílík-ur munur. Þetta mætti verður að athuga vel og hver hygginn bóndi ætti að hugsa sig um áður en hann kastar frá sér hesta-aflinu og mótorvélunum til að yrkja jörðina með sínum eigin hestum og þeim tækjum sem við nú höfum til jarðvinnslu. Þó bóndinn sé óvanur plægingum og annari jarðabóta vinnu þá mun honum með vaxandi æfingu smátt og smátt lærast að fara með hestana og beita verkfærunum.

— " — " — " —

Þó þér finnist stundum vinnan ganga hægt og þú sért þreyttur að kveldi, þá er að byrja aftur að morgni með nýjum hug og dug, unz takmarkinu er náð — því „þolinmæði þrautir



vinnur allar."

## Plægingamátar.

## Fáein orð.

Það virðist ekki vera úr vegi í þessu sambandi að minnast ofurlítið á áburðarhirðingu manna yfirleitt, það er atriði út af fyrir sig sem væri full þörf á að athuga betur en gert er.

Öll ræktun byggist fyrst og fremst á nægum áburði, en hirðing á honum er í svo aumu lagi alment að við það er ekki unandi. — Menn tala um að kaupa — og kaupa — útlendan áburð fyrir tugi króna, á meðan þeir láta fara fram hjá sér svo og svo mörg tækifæri til að auka og nýta betur þann áburð sem til fellst á jörðunum sjálfum.

Engum blandast sjálfsagt hugur um það t. d. kúamykja yrði ólíkt verðmeiri og notadrýgri ef í hana væri borið hefilega mikið — þannig að hún héldist mátulega rök — í staðinn fyrir að bera hana oft og

einatt sem fljótandi efni — ef svo mætti að orði komast — út úr fjósunum og láta hana síðan liggja einhverstaðar á bersvæði um óákveðin tíma, og skorpna þar og skrælna eftir því sem verkast vill.

Ef eins árs áburðarmagn kýrinnar er talið að vera um 11 þús. kg. þar af um 3.500 kg. þvag; þá er efalaust óhætt að gera ráð fyrir að þessi 3.500 kg. tapist að miklu leyti með því geymslufyrirkomulagi sem nú er algengast hjá mönnum.

Eins og nú horfir við virðist ekki vera nein frágangssök fyrir þá menn sem búa á sínum eigin jörðum, og raunar ekki fyrir menn sem hefir sannilega tryggja ábúð, og eitthvað geta, að koma sér upp mykjuhúsum og öðrum safnþróm þegar slíkvinnu hefir verið 1 kr. til 1.50 au. í dagsverkið eða 40–60 kr. fyrir hverja kú.

Það mundi verða meir en lítið sem



framleiða mætti af áburði, ef öllu sem til fellst af því tagi væri haldið til haga á hverju heimili, og þannig spara þennan útlenda áburð, sem raunar lítt þolanlega þarf kaupa. Það kann vel að vera að menn horfi í kostnaðinn en við það er hvent að athuga, í fyrsta lagi þarf ekki að búast við þessum slyrk til langframa, sem menn nú sjáum, og í öðru lagi kemur flestum sem við ræktun fást í nokkurn stórum stíl og áhuga hafa á henni, saman um það, að áburðarhirðing þurfi að vera í góðu lagi.

Og held að mönnum sé þetta atriði ekki nægilega ljóst; gera allt vani og hirðuleysi gera sitt til þess að menn láta þetta fram hjá sér.

Auk þess sem nú hefir verið nefnt er það beinlínis nauðsynlegt frá þrifnaðar- og heilsufræðislegu sjónarmiði séð að sjá betur fyrir mannasaur og ýmsum óhroða

sem að gagni mætti koma í þessa átt, heldur en gert er og gjörði þó einum „Þokkanum" forðum „rétt við kafarvegginn"

J. V. S.

Til lesendanna:

Þó að ég eins og ykkur er kunnugt, félagsmönnum, lofaði að skrifa blaðið ~~í vetur~~ „Vitjann" í vetur, þá þurfið þið, eins og ég tók strax fram, ekki að skoða það sem neina ritsmíð, þannig að ég sjái um að blaðið komi skilyrðislaust út mánaðarlega. Ég lofaði að eins að skrifa það sem að mér bærist. Mér skildist svo sem félagsmenn vildu ekki missa blaðið – alls ekki – en þeir vilja ekki skrifa í það segir Stefán í Höskuldsstöðum í síðasta blaði – alls ekki – og það ekki lítur síður en eins og Stefán tók fram að sem flestir verði að láta eitthvað af hendi rakna ef blaðið á að geta haldið áætlun sinni, einu sinni á mánuði eins og mun vera tilætlunin.

Þó að sérstökum mönnum hafi verið



skipað að hverju blaði. Fannst mér það eigi svo að skilja að þeir gæti ekki sent greinar sínar á öðrum tímum, en þegar röðin er komin að þeim.

Menn eru auðvitað misjafnlega kallaðir fyrir það starf eins og allt annað, þessvegna er um að gera fyrir þá að sleppa ekki tækifærinu hvenær sem það gefst, og þenja hlutann hvenær sem andinn kemur yfir þá!

J. V. S.

Efni:


Kveðja: María Rögnvaldsdóttir bls. 3.
Fótboltinn: Snegla-Halli – 7.
Uppeldismál: L. Sigurðardóttir þýddi – 13.
Vísur – 31.
Hjálpaðu þér sjálfur – 37.
Fáein orð – 43.
Til lesendanna – 46.


Jón V. Sigfússon